

Matsferill

Niðurstöður samráðs
við skólasamfélagið

Guðrún Birna Einarsdóttir,
Nói Kristinsson,
Auðun Valborgarson,
Guðbjörg Rut Þórisdóttir,
Katrín Ósk Þráinsdóttir,
Sigurgrímur Skúlason,
Sverrir Óskarsson

Júní 2022



MENNTAMÁLASTOFNUN

Matsferill:

Niðurstöður samráðs við skólasamfélagið

ISBN 978-9979-0-2792-8

©2022 Sigurgrímur Skúlason, Auðun Valborgarson, Guðrún Birna Einarsdóttir,

Nói Kristinsson, Guðbjörg Rut Þórisdóttir og Katrín Ósk Þráinsdóttir

Málfarslestur: Auður Aðalsteinsdóttir, Berglind Steinsdóttir

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2022 rafræn

Menntamálastofnun

Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Kafli 1: Hugmyndir úr skýrslu starfshóps	6
Kafli 2: Sjónarmið skólasamfélagsins – könnun og samráðsfundir	7
Kafli 2.1: Spurningakönnun	7
Aðferð	7
Þátttakendur.	7
Mælitæki.	8
Framkvæmd könnunar	8
Niðurstöður	8
Niðurstöður úr athugasemdum könnunar	12
Kafli 2.2: Samráðsfundir með hagsmunaaðilum	14
Aðferð	14
Þátttakendur.	14
Mælitæki.	14
Framkvæmd samráðs.	15
Úrvinnsla	16
Niðurstöður samráðsfunda.	16
Kafli 3: Rýnifundir með nemendum	17
Aðferð	17
Þátttakendur.	17
Mælitæki.	17
Framkvæmd rýnifunda	17
Niðurstöður rýnifunda með nemendum	17
Kafli 4: Samantekt	19
Almennt um námsmat	19
Tilgangur og fyrirkomulag prófa/námsmats	19
Notkun á niðurstöðum prófa/námsmats	19
Aðalnámskrá og hæfnieinkunnir	20
Kafli 5: Álit sérfræðingahóps.	21
Kafli 6: Niðurstöður og umræða	23
Heimildir.	25
Fylgiskjöl.	26
Fylgiskjal 1. Bréf vegna könnunar til kennara og skólastjórnenda	26
Fylgiskjal 2. Bréf vegna könnunar til forsjáraðila og nemenda	27
Fylgiskjal 3. Bréf til sviðsstjóra skólaþjónustu vegna samráðferlisins	28
Fylgiskjal 4. Dagskrá, leiðbeiningar og lykilhugtök vegna samráðsfunda.	30
Fylgiskjal 5. Tölvupóstur 23. febrúar 2022 til skólastjóra vegna rýnifunda nemenda	32
Fylgiskjal 6. Viðtalsrammi fyrir rýnihópa nemenda	33

Inngangur

Menntamálastofnun (MMS) ásamt mennta- og barnamálaráðuneyti (MRN) vinna að þróun nýs námsmatskerfis sem leysa á samræmd könnunarpróf af hólmi og hefur fengið heitið *Matsferill*. Í þessari skýrslu er greint frá samráðsferli um þróun og hönnun Matsferils.

Vorið 2018 skipaði þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra starfshóp um samræmd könnunarpróf. Hópnum var falið að vinna tillögu að framtíðarstefnu um markmið, hlutverk, framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa. Skýrsla starfshópsins sem ber heitið *Framtíðarstefna um samræmt námsmat* kom út í janúar 2020 og má finna á [vef stjórnarráðsins](#) (Svanhildur Kr. Sverrisdóttir o.fl., 2020).

Þróunarvinnan sem nú á sér stað byggist á hugmyndum sem fram komu í skýrslu starfshópsins en þar var lagt til að „*samræmd könnunarpróf í núverandi mynd verði ekki þróuð frekar og að notkun þeirra verði hætt*“ (bls. 11). Í stað þeirra yrði þróað heildstætt safn matstækja í mörgum námsgreinum sem í grundvallaratriðum hafi sama markmið og samræmd könnunarpróf samkvæmt fyrirbyggjandi reglugerð (*Reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í grunnskóla nr. 173/2017*). Áhersla ætti að vera á fjölbreytt, stutt, hnitmiðuð, rafræn próf og verkefni og valfrelsi skóla til að nýta sér þau utan tiltekinna prófa í íslensku og stærðfræði sem skylda væri að leggja fyrir. Skýrsla starfshópsins um framtíð samræmdra könnunarprófa dregur upp heildarsýn á mögulegt fyrirkomulag ytra námsmats en skortir nánari útfærslu. Mikilvægur þáttur við þróun Matsferils er að fá fram sjónarmið ólíkra hagsmunaaðila. Ákveðið var í samráði við ráðuneytið að fara tvær ólíkar leiðir að því að fá fram þessi sjónarmið. Annars vegar með samráðsfundum og rýnihópaviðtölum við hagsmunaaðila og hins vegar með því að fá ólíka hópa hagsmunaaðila til að svara spurningakönnun um námsmat. Þar að auki var leitað til sérfræðinga úr háskólasamfélaginu og grunnskólakerfinu um álit á ýmsum þáttum sem snýr að hönnun og þróun Matsferils.

Í þessari skýrslu verður greint frá samráðsferli um Matsferil sem átti sér stað á tímabilinu frá mars til maí 2022. Ferlið fól í sér fimm samráðsfundi víðs vegar um landið auk tveggja fjarfunda. Einnig voru tekin rýnihópaviðtöl við 10 hópa nemenda í 4.–10. bekk. Viðhorfskannanir um námsmat voru sendar út til kennara, skólastjórnenda, foreldra/forsjáraðila og nemenda. Jafnframt var leitað eftir áliti sérfræðinga úr háskólasamfélaginu og grunnskólakerfinu. Niðurstöður ofangreindra kannana, samráðs- og rýnifunda ásamt áliti sérfræðingahóps liggja til grundvallar þróun sviðsmynda um Matsferil sem bornar verða undir ráðgjafarhóp á vegum ráðuneytisins. Að lokinni yfirferð ráðgjafarhópsins verða sviðsmyndirnar settar í samráðsgátt til frekari álitsgjafar.

Skýrslunni er skipt í sex kafla. Í fyrsta kafla er fjallað nánar um tillögur starfshópsins um framkvæmd samræmds námsmats. Í öðrum kafla er fjallað um helstu sjónarmiðin sem fram komu í samráðsferlinu. Farið er yfir framkvæmd og niðurstöður annars vegar úr spurningakönnun og hins vegar úr samráðsfundunum. Í þriðja kafla er fjallað um framkvæmd og niðurstöður rýnihópaviðtala með nemendum. Í kafla fjögur er samantekt á niðurstöðum samráðsferlisins. Í kafla fimm verður fjallað um álit sérfræðihóps. Í kafla sex eru niðurstöður og umræða.

Fylgiskjöl þessarar skýrslu eru bréf vegna samráðsfunda, rýnihópaviðtala og könnunar, dagskrá samráðsfunda og viðtalsrammi.

Kafli 1: Hugmyndir úr skýrslu starfshóps

Í skýrslu starfshóps um framtíðarstefnu um samræmt námsmat (Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, o.fl., 2020) koma fram ákveðnar meginlínur.

Matsferill verði heildstætt safn matstækja í mörgum námsgreinum sem í grundvallaratriðum hafi sama markmið og samræmd könnunarpróf en þó farnar aðrar leiðir til að uppfylla þau. Áhersla starfshópsins er á eftirfarandi atriði:

- a. Fjölbreytt, stutt og hnitmiðuð, rafræn próf og verkefni
- b. Valfrjáls að mestu
- c. Skylt er að leggja fyrir tiltekin próf í íslensku og stærðfræði
- d. Námsmat sé leiðbeinandi og taki mið af fjölbreyttum kennsluháttum, áhersla lögð á einstaklingsmiðað nám og leiðsagnarmat með markvissar umbætur að leiðarljósi
- e. Sveigjanleg fyrirlögn prófa til að draga úr álagi á matsstofnun og skólastarf – opinn próf-gluggi

Starfshópurinn leggur til að birting niðurstaðna verði með eftirfarandi hætti:

- a. Tekur fyrst og fremst mið af þörfum nemenda
- b. Aðgangur vel skilgreindur og nýtist í umbótaskyni
- c. Skólar hafi aðgang að eigin niðurstöðum
- d. Sveitarfélög hafi aðgang að niðurstöðum sinna skóla
- e. Ráðuneytið hafi aðgang sem það telur sig þurfa um skólakerfið í heild

„Skilgreindur verði námsmatsrammi sem veiti ítarlegar upplýsingar um markmið og hlutverk alls skipulagðs námsmats á mismunandi skólastigum. Með því móti deili allir sömu sýn á tilgang námsmats og tímasetningar þess, birtingu niðurstaðna og í hvaða röð ólíkir námsmatsþættir eru kannaðir“ (bls. 4) (Svanhildur Kr. Sverrisdóttir o.fl., 2020).

Kafli 2: Sjónarmið skólasamfélagsins – könnun og samráðsfundir

Kafli 2.1: Spurningakönnun

Aðferð

Þátttakendur

Í úrtaki fyrir viðhorfskönnun um námsmat voru kennarar, skólastjórnendur, foreldrar/forsjáraðilar og nemendur. Í þessum hluta skýrslunnar verður notast við hugtakið „forsjáraðilar“ þegar átt er við foreldra og/eða forsjáraðila og hugtakið „starfsfólk skóla“ þegar átt er við kennara og/eða skólastjórnendur.

Í töflu 1 má sjá fjölda þátttakenda eftir staðsetningu skóla. Af þeim 2882 forsjáraðilum sem tóku þátt voru 1821 sem átti barn á einu skólastigi, 931 á tveimur skólastigum og 130 á þremur skólastigum. Þátttökuhlutfall forsjáraðila var nokkuð jafnt milli skólastiga: Í heild svöruðu 1436 sem áttu barn á yngsta stigi, 1329 á miðstigi og 1291 á unglingsstigi. Af þeim 522 kennurum og skólastjórnendum sem svöruðu könnuninni voru 100 skólastjórnendur (þar af 12 sem einnig starfa við kennslu) og 422 kennarar (296 sem kenna á einu skólastigi, 73 á tveimur skólastigum og 53 á þremur skólastigum). Ekki er markverður munur á svörum þátttakenda eftir staðsetningu skóla eða skólastigi. Niðurstöðurnar verða því teknar saman og birtar fyrir forsjáraðila annars vegar og starfsfólk skóla hins vegar. Niðurstöður úr svörum nemenda voru ekki teknar saman sérstaklega þar sem svarhlutfall þess hóps var mjög lágt. Vert er þó að taka fram að helstu sjónarmið nemenda koma fram í rýnihópaviðtölum.

Tafla 1. Fjöldi þátttakenda eftir staðsetningu skóla

Landsvæði	Forsjáraðilar		Starfsfólk skóla		Landið allt
	Fjöldi	Hlutfall (%)	Fjöldi	Hlutfall (%)	Hlutfall (%)
Höfuðborgarsvæðið	1594	55,5	232	44,6	64,0
Norðvesturkjördæmi	165	5,7	84	16,2	8,4
Norðausturkjördæmi	282	9,8	95	18,3	11,2
Suðurkjördæmi	831	28,9	109	21,0	16,4
	2872		520		

a Hlutfall fólksfjölda á landinu öllu 1. janúar 2022 samkvæmt manntalsupplýsingum Hagstofu Íslands (https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__Byggdakjarnarhverfi/MAN03250.px/table/tableViewLayout1/?rxid=08aa3ef7-03ce-4fd8-bf76-26e53e295759). (Hagstofa Íslands, 2022)

Mælitæki

Spurningalistar fyrir starfsfólk skóla, forsjáraðila og nemendur voru þróaðir fyrir könnunina með því að safna saman staðhæfingum um upplýsingar sem námsmat getur veitt og ólíka notkun á niðurstöðum. Leitað var fanga, einkum í íslenskum greinum er tengjast námsmati (Menntamálaráðuneytið, 2013; Sigurgrímur Skúlason, 2020; Auðun Valborgarson o.fl., 2021; Svanhildur Kr. Sverrisdóttir o.fl., 2020) og fræðilegum skrifum (Crocker og Algina, 1986; Haladyana, 2013; Millman og Greene, 1989; Newton, 2010; Schmeiser og Welch, 2006).

Eftir að staðhæfingunum var safnað saman voru þær forprófaðar og lagfærðar í samræmi við ábendingar þátttakenda í forprófun. Að lokum var ákveðið hvaða staðhæfingar færu á spurningalista hvers þátttakendahóps fyrir sig.

Framkvæmd könnunar

Með spurningakönnuninni var notast við meginlega aðferðafræði en sú aðferð gengur út á að rannsaka félagsleg fyrirbæri á mælanlegan hátt (í þessu tilfalli viðhorf til námsmats) og eru spurningakannanir sérstaklega gagnleg aðferð til að safna saman miklu magni gagna sem notuð eru til að lýsa ákveðnu úrtaki eða þýði (Watson, 2014).


Sendur var póstur á alla 180 skráða grunnskóla á Íslandi og óskað eftir því að send yrðu bréf með óskum um þátttöku í könnun um námsmat á rétta aðila. Tvær útgáfur af bréfum voru sendar út, ein fyrir kennara og skólustjórnendur og önnur fyrir forsjáraðila og nemendur (sjá fylgiskjal 1 og 2). Í bréfi til forsjáraðila var óskað eftir því að forsjáraðilar með börn í 7.–10. bekk myndu bjóða sínum börnum að taka nemendakönnunina og með því veita samþykki fyrir gagnaöflun. Var þessi aðferð valin þar sem MMS hefur hvorki beinan aðgang að pósti kennara, né upplýsingum um forsjáraðila nemenda. Þessi leið þótti einnig fela í sér mun minna umstang en ef farin hefði verið sú leið að láta kennarana sjálfa afla samþykkis forsjáraðila fyrir þátttöku hvers einasta nemanda. Nemendur gætu auk þess með þessu móti svarað könnuninni hvenær sem er utan skólatíma.

Könnunin var á rafrænu formi. Tekið var fram að svör einstaklinga væru ekki persónurekjanleg og þátttakendum frjálst að svara henni eða ekki. Í könnuninni voru einnig bakgrunnspurningar um landshluta, stærð skóla og skólastig sem viðkomandi svaraði fyrir.

Niðurstöður


Myndir 1 og 2 sýna svör forsjáraðila og starfsfólks skóla við spurningum viðhorfskönnunarinnar. Notast var við fimm punkta Likert-kvarða og nær hann frá „Mjög ósammála“ (vinstra megin) til „Mjög sammála“ (hægra megin).

Mér finnst mikilvægt að námsmat veiti upplýsingar um:




Mynd 1. Viðhorf starfsfólks skóla og forsjáraðila um tilgang námsmats.

Mér finnst mikilvægt að námsmat veiti upplýsingar um:



Mynd 1. Framhald.

Merktu við hversu ósammála eða sammála þú ert hverri staðhæfingu



Mynd 2. Viðhorf starfsfólks skóla og forsjáraðila til notkunar á námsmati.

Heilt á litið eru viðhorf forsjáraðila og starfsfólks skóla til námsmats jákvæð. Mest sátt ríkir um það að tilgangur námsmats eigi að vera sá að finna þá nemendur sem þurfa annars vegar á auknum stuðningi að halda og hins vegar þá sem þurfa á meira krefjandi námsefni að halda. Eins töldu báðir hópar að nauðsynlegt væri að fylgjast með stöðu nemenda í einstökum námsgreinum og námsframvindu nemenda milli skólastiga. Þegar kemur að birtingu niðurstaðna ríkir ekki jafn mikill samhugur um hvort niðurstöður prófsins eigi að vera staðalbundnar (e. *norm-based*)¹ eða ekki. Skiptar skoðanir eru á því hvort hlutur námsmats í skólstarfi sé of mikill en meiri samhugur ríkir um að námsmat eigi að snúa að námsmarkmiðum og námsgreinum, heldur en félagslegum þáttum.

Forsjáraðilar og starfsfólk skóla eru sammála um að niðurstöður úr námsmati skuli vera notaðar til þess að fá upplýsingar um stöðu menntakerfisins. Töluverður munur er þó á svörum. Starfsfólk skóla og forsjáraðilar eru á öndverðum meiði þegar kemur að því hvaða upplýsingar eigi að birta um skólana eða skóla sveitarfélags. Forsjáraðilar eru almennt hlynntari því en starfsfólk skóla að til séu upplýsingar um stöðu einstakra skóla, stöðu skóla innan sveitarfélags og innan einstakra landshluta.

Sams konar munur kemur fram í skoðunum starfsfólks skóla og forsjáraðila í því hvernig framkvæmd á námsmati skuli vera háttað. Meirihluti starfsfólks skóla er ósammála eða mjög ósammála því að „...*utanaðkomandi aðili meti námsárangur nemenda til viðbótar við námsmat skólans*“ en sammála því ... „*að skólar ættu einir að sjá um mat á námsárangri nemenda sinna*“. Meirihluti forsjáraðila er sammála því að ytri aðilar komi að námsmati barna þeirra til viðbótar við námsmat skólans. Þó er nokkur dreifing á svörum innan hópanna.

Skiptar skoðanir eru um það hvort próf ættu að vera lögð til grundvallar við inntöku í framhaldsskóla þar sem forsjáraðilar eru almennt andvígari því en starfsfólk skóla. Báðum hópum finnst hins vegar mikilvægt að námsmat veiti upplýsingar um það hversu vel nemendur eru búnir undir nám í framhaldsskóla.

Stór meirihluti beggja hópa (starfsfólks skóla og forsjáraðila) er sammála því að námsmat eigi að veita upplýsingar um stöðu nemenda út frá viðmiðum aðalnámskrár. Þegar starfsfólk skóla er spurt hversu auðvelt það á með að meta frammistöðu nemenda samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár segist rúmur þriðjungur eiga erfitt með það. Einn af hverjum sex svarar staðhæfingunni hlutlaust og tæpur helmingur (45%) segist eiga auðvelt með það.

1 Staðalbundnar einkunnir endurspegla stöðu nemenda innan ákveðinnar dreifingar. Raðeinkunnir, samræmd grunnskóla-einkunn og framfaratölur tilheyra þessum flokki einkunna. Þær nýta sér eiginleika ákveðinna fræðilegra dreifinga sem ramma til að auðvelda túlkun niðurstaðna. Í meginráttum byggja staðalbundnar einkunnir á stöðu nemanda með tilliti til árgangsins og niðurstöður því afstæðar (<https://mms.is/stadalbundndar-og-vidmidsbundnar-einkunnir>).

Niðurstöður úr athugasemdum könnunar

Farið var yfir svör úr öllum opnum spurningum og gerð þemagreining á gögnunum þar sem markmiðið var að skilgreina þemu og finna kjarnann í þeim (Braun og Clarke, 2006).

Af 522 svörum frá starfsfólki skóla voru 116 sem skrifuðu athugasemdir (í opnum spurningum) í könnuninni eða 22%. Opnu spurningarnar voru oftast nánari skýring á spurningum sem komu fyrir í könnuninni eða athugasemdir um efni sem einstaklingum fannst vanta í könnunina. Af 2882 svörum frá forsjáraðilum voru 411 sem skrifuðu athugasemdir eða 14%.

Eftirfarandi meginþemu voru í athugasemdum frá starfsfólki skóla:

- a. Aðalnámskrá og hæfnieinkunnir voru gagnrýnd fyrir að vera óaðgengileg, illskiljanleg og setja fáar vörður sem gerir matið huglægara en það ætti að vera.
- b. Því var velt upp hvernig hægt væri að þróa ný próf með gölluð hæfniviðmið og óskýra námskrá til grundvallar nýju matskerfi.
- c. Starfsfólk skóla benti einnig á að litakóðaða hæfnieinkunnakerfið hjá Mentor væri enn eitt kerfið sem kennarar þyrftu að tileinka sér. Allt kæmi þetta niður á upplýsingaflæði og eftirfylgni þar sem kennarar hafa þurft að læra á og lesa úr gögnum sjálfir.

Athugasemdir frá forsjáraðilum voru ómarkvissari og skiptust gróflega í eftirfarandi þætti:

- a. Áhersla lögð á að samræma námsmat í skólum og á milli skóla.
- b. Athugasemdir komu fram er vörðuðu skort á skilningi á eðli hæfnieinkunna og litakóðum í Mentor þar sem fræðslu af hálfu MMS/skóla/Mentor hefur verið ábótavant. Leggja þarf áherslu á að námsmat sé framkvæmt til að styðja við nám barna en erfitt sé að skilja hver raunveruleg staða nemenda er þar sem einkunnakerfið er fremur ógagnsætt.
- c. Áhersla lögð á meiri eftirfylgni við skólastarf og námsárangur.

Kafli 2.2: Samráðsfundir með hagsmunaaðilum

Aðferð

Þátttakendur

Farin var sú leið að hafa samband við skólaþjónustur á hverju svæði og þær beðnar um að tilnefna fulltrúa til samráðsins (sjá fylgiskjal 3). Óskað var eftir þremur fulltrúum grunnskólakennara (öll stig og úr fjölbreyttum greinum), tveimur fulltrúum forsjáraðila, einum fulltrúa skólastjórnenda og einum frá skólaþjónustu. Fimm skólaþjónustur, eða þær stærstu á hverju svæði, voru beðnar um að útvega fundaraðstöðu og annað nauðsynlegt til samráðshaldsins og eru þeim færðar hér sérstakar þakkir fyrir aðstoðina. Sama leið var farin við tilnefningu fulltrúa á fjarfundinn með Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Fundurinn fyrir áhugasama var auglýstur á vefsíðu Menntamálastofnunar og á samfélagsmiðlum og þátttakendur beðnir um að skrá sig svo hægt væri að hafa yfirsýn yfir fjölda.

Í flestum tilvikum gekk skólaþjónustum vel að fá fulltrúa til samráðsins en þó bar aðeins á erfiðleikum við að finna fulltrúa forsjáraðila. Þátttaka þeirra var þó ágæt í könnuninni sem send var út en þar koma sjónarmið hópsins einnig fram.

Mæting var almennt góð en hóparnir sem boðaðir voru á fundinn voru misstórir þar sem fjöldi skólaþjónusta á hverju svæði er mismunandi. Fámennasti hópurinn samanstóð af 14 fulltrúum af Austurlandi en sá fjölmennasti var af höfuðborgarsvæðinu eða 35 manns. Vel var mætt á fjarfundinn með Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra og þrátt fyrir tæknilega örðugleika voru heimtur góðar. Alls skráðu 35 manns sig á fundinn fyrir áhugasama en aðeins 11 gáfu kost á sér til samráðsins.

Fyrir liggja öll netföng þátttakenda en eins og fram kemur í bréfi til sviðsstjóra skólaþjónusta var þeim safnað saman ef til frekara samráðs kæmi.

Mælitæki

Samráðshóparnir voru beðnir um að taka til umræðu fjórar lykilsurningar. Val á lykilsurningunum var byggt á fræðilegum grunni eigindlegar rannsóknaraðferðar (Ritchie o.fl., 2014). Til að skýra betur hvað lægi þeim til grundvallar voru settar kveikjur undir hverja spurningu til að koma umræðum af stað. Eftirfarandi spurningar voru lagðar fram:

1. Hvað á að meta og hvers vegna?
 - Grunnfærni/forsendur nemenda til náms?
 - Allar námsgreinar? Ef ekki, þá hverjar og af hverju?
 - Bóklegar/verklegar greinar?
 - Á hvaða aldri á að meta nemendur? Hvenær á að byrja?
2. Hvernig á námsmat að fara fram?
 - Hvers konar námsmat?
 - Á hvaða formi ætti námsmatið að vera? Rafrænt, á pappír eða öðru formi.

- Hvernig ætti óformlegu (innra) námsmati að vera háttað?
 - Hvernig ætti formlegt (ytra) námsmat að vera?
 - Hversu oft á að meta? Í lok skólaárs eða oft á ári?
 - Á notkun matstækja að vera valkvæð? Hvað ætti að vera valkvætt og hvað ekki?
3. Hvernig á að nota upplýsingar úr námsmati?
- Grunnur að hópaskiptingu út frá styrk- og/eða veikleikum (einstaklingsmiðun)?
 - Leiðbeina um áherslur í kennslu í framhaldi af mati? Fyrir bekk, fyrir einstaka nemendur?
 - Til að bera saman niðurstöður við jafnaldra (innan skóla og utan)?
 - Til að meta gæði og árangur af kennslu?
 - Til að meta gæði skólastarfs innan hvers skóla?
 - Til að meta gæði skólastarfs innan sveitarfélags?
 - Til að meta stöðu menntakerfisins í heild?
4. Hver á forgangsröðun við gerð matstækja að vera?
- Á Menntamálastofnun að útbúa
 - i. skimunarpróf?
 - i. stöðupróf/mat á námsframvindu?
 - i. námsmat/áfangamat/lokamat?
 - i. greinandi próf?
 - i. óformlegt (innra) námsmat?
 - Á hverju ætti Menntamálastofnun að byrja?

Á borðum var jafnframt blað með skilgreiningum á lykilhugtökum sem kynnt voru í upphafi fundar og þátttakendur gátu haft til hliðsjónar við umræður sínar.

Framkvæmd samráðs

Í samráði við mennta- og barnamálaráðuneytið var ákveðið að halda víðtæka samráðsfundi með fulltrúum skólasamfélagsins. Haldnir voru fimm staðfundir í samráði við fræðsluskrifstofur á eftirtöldum svæðum: Á Norðurlandi, Austurlandi, Suðurlandi, Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu. Á þessum stöðum voru jafnframt haldnir rýnifundir með nemendum tveggja skóla á hverju svæði. Einnig voru haldnir tveir fjarfundir, annars vegar fyrir fulltrúa á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra og hins vegar var haldinn opinn fjarfundur fyrir alla áhugasama um málefnið. Fundirnir fóru fram á tímabilinu 16. til 28. mars. Staðfundirnir stóðu í þrjár klukkustundir en fjarfundir í eina og hálf klukkustund. Rýnifundir nemenda stóðu í um klukkustund. Alls komu átta sérfræðingar Menntamálastofnunar að undirbúningi og

framkvæmd samráðs- og rýnifundanna og tveir sérfræðingar frá mennta- og barnamálaráðuneytinu sátu fundina.

Í upphafi samráðsfunda var farið yfir dagskrá og fyrirkomulag fundanna, lykilhugtök í matsfræðum kynnt og farið yfir niðurstöður skýrslu starfshópsins sem getið var um hér framar. Fulltrúi MRN kynnti tilgang Matsferils og samvinnu ráðuneytisins og MMS þar að lútandi sem staðið hefur yfir undanfarna mánuði.

Lagðar voru fjórar lykilsurningar um námsmat fyrir hópinn, sbr. framangreinda umfjöllun. Þátttakendur svöruðu þeim fyrst hver fyrir sig á einstaklingsblöð, sjónarmið voru rædd og þeim að lokum safnað saman á eitt sameiginlegt blað. Hver hópur skilaði inn blöðum sem innihéldu þau sjónarmið sem rædd höfðu verið. Að auki höfðu þátttakendur val um að skilja eftir blöðin með einstaklingssvörum sínum og fengu tækifæri til að bæta séráliti við og skila í lok fundar.

Dagskrá fjarfundanna (sjá fylgiskjal 4) var sú sama og staðfundanna en þar var þó gefinn styttri tími til að ræða hverja spurningu þar sem fjarfundafyrirkomulag er alla jafna stirðara í framkvæmd en staðfundir. Þátttakendum var skipt í fundarherbergi (e. *breakout-rooms*) þar sem ritari var tilnefndur og sá hann um að taka saman niðurstöður og skila til MMS að fundi lokum.

Úrvinnsla

Eigindleg aðferðafræði var höfð að leiðarljósi og stuðst við rýnihópa, eða „skipulagða samtals- hópa“. Skilgreiningar á rýnihópum, eða samráðsfundum, geta verið mjög ólíkar en meginstefin eru: hópar af fjórum til tólf einstaklingum, oftast ókunnugum, sem eru valdir og koma saman til að ræða um ákveðin málefni þar sem markmiðið er að draga fram upplýsingar um upplifun, skoðanir, sýn og/eða viðbrögð við málefnum (Gibbs, 1997; Morgan, 1997). Notast var við þemagreiningu við vinnslu á gögnunum sem komu frá hópunum þar sem markmiðið var að skilgreina þemu og finna kjarnann í þeim (Braun og Clarke, 2006).

Niðurstöður samráðsfunda

Í svörum hópanna við lykilsurningunum var mikil skörun og farið út um víðan völl í þeim. Var þar nokkuð jafnt talað um skimanir, stöðupróf, greinandi próf og óformleg próf (t.a.m. kafla- próf). Ákveðin þrástef voru í svörum við öllum spurningunum og voru þau eftirfarandi:

- a. Lesa má skýlausa kröfu um mat á lestri, grunnþáttum í íslensku og stærðfræði.
- b. Að matið sé samræmt á þann hátt að hægt sé að gera samanburð á stöðu nemenda.
- c. Að matið sé framkvæmt á tilteknu tímabili frekar en tiltekna daga (opinn gluggi), að það sé á hendi kennara hvenær það fari fram og að tímarammi nemenda til að ljúka matinu sé rúmur.
- d. Að niðurstöðurnar séu leiðbeinandi fyrir nemendur, kennara og forsjáraðila og á auðskiljanlegu formi.
- e. Skýr ósk kom fram um að kennarar hafi aðgang að einhvers konar prófabanka (verkfærakistu) þangað sem þeir geta sótt próf í íslensku og stærðfræði (og mögulega í fleiri námsgreinum) til að leggja fyrir nemendur sína á tímamarkum sem þeim hentar.

Kafli 3: Rýnifundir með nemendum

Aðferð

Þátttakendur

Nemendur úr 10 skólum víðs vegar um landið tóku þátt í rýnihópaviðtölum. Skólastjóra í hverjum skóla var falið að velja 6 til 7 nemendur úr 4. til 10. bekk og gæta að jöfnu kynjahlutfalli og breiðri námsgetu nemenda (sjá fylgiskjal 5). Þeir skólar sem mynduðu rýnihópa nemenda voru Brekkuskóli, Brúarásskóli, Egilsstaðaskóli, Flóaskóli, Gerðaskóli, Hörðuvallaskóli, Ríma-skóli, Stapaskóli, Sunnulækjarskóli og Þelamerkurskóli. Nöfn nemenda voru ekki skráð niður né öðrum persónuupplýsingum safnað.

Mælitæki

Viðtalsrammi, sem samanstóð af 10 spurningum, var hafður til hliðsjónar í samtölum við nemendur. Leitast var við að draga fram skoðanir nemenda á námsmati og ýmsum tengdum þáttum. Spurningar á borð við hvort námsmat þjóni tilgangi sínum, hvernig námsmat þeim finnst gagnlegast, hvað eigi að meta, hversu oft eigi að meta, hvort námsmat eigi að vera skylda fyrir alla nemendur og hvaða áhrif námsmat hafi á nemendur voru lagðar fyrir hópinn (sjá fylgiskjal 6). Ritari skráði niður helstu svör við ofangreindum spurningum og annað sem fram kom í samtalinu. Auk þessa fengu þátttakendur tækifæri til að skrifa skilaboð á miða um námsmat og/eða hvaðeina sem þeir vildu koma á framfæri við stofnunina.

Framkvæmd rýnifunda

Tíu rýnifundir voru haldnir með nemendum sem komu jafnt úr stærri skólum sem minni víðs vegar af landinu, úr þéttbýli og dreifbýli. Til hagræðingar var farin sú leið að velja tvo skóla á því svæði sem samráðsfundir með hagsmunaaðilum voru haldnir. Fyrirkomulag rýnifunda tók einnig mið af eiginlegri aðferðafræði sem lýst var nánar í kafla 2.

Tveir fulltrúar MMS fóru á hvern fund og þess gætt að a.m.k. annar þeirra væri vanur kennslu eða öðru starfi með börnum. Skiptu aðilarnir með sér hlutverkum þar sem annar tók að sér hlutverk spyrils en hinn ritara.

Niðurstöður rýnifunda með nemendum

Niðurstöðum úr rýnihópum nemenda má skipta upp í þrjú meginþemu:

- a. **Tilgangur og hlutverk námsmats:** Nemendur töldu fjölbreytt námsmat vera mikilvægt, þá sér í lagi í íslensku og stærðfræði þar sem þessar greinar eru undirstöðugreinar í náminu. Þeim fannst þó tilgangur prófanna vera háður því hvernig unnið væri með niðurstöður og töldu að skortur væri á endurgjöf, t.d. hvaða svör á prófi væru röng og hvernig mætti gera betur sem er lykillinn að bættum námsárangri. Meira og fjölbreyttara námsmat mætti vera í skólum (t.d. fleiri minni próf, verkefni og annað). Að mati nemenda eru stutt próf stundum betri en löng verkefni til að fá upplýsingar um eigin stöðu í námi.

- b. **Hæfnieinkunnir og endurgjöf:** Kvartað var undan notkun á hæfnieinkunnum þar sem lítill skilningur væri á eðli þeirra, matsviðmiðin of opin og víð. Þær væru of víðfeðmar og gagnist illa sem endurgjöf einar og sér. Sumum nemendum finnst sem verið sé að svindla á þeim þar sem hæfnieinkunnir eru ekki sambærilegar milli skóla. Veltu þau einnig fyrir sér hvort þörf væri á hæfnieinkunnum í sumum fögum, eins og smíði eða saumum. Hvort það væri ekki bara tékklisti: kann eitthvað eða kann það ekki.
- c. **Staða nemenda:** Nemendum fannst mikilvægt að sjá stöðu sína samanborið við heildina og þá með endurgjöf varðandi það hvernig hægt væri að bæta sig. Í þeirra hugum er mikilvægt að námsmat sé einnig samræmt til að tryggja að allir nemendur sitji við sama borð, t.a.m. þegar tekið er inn í framhaldsskóla eða þegar nemendur flytjast milli skóla.

Kafli 4: Samantekt

Þegar litið er yfir niðurstöður mismunandi aðferða við gagnasöfnun koma fram ákveðnar línur en jafnframt ólík sjónarmið sem draga þarf fram. Til að einfalda framsetningu efnisins og gera niðurstöður læsilegri og aðgengilegri eru þær dregnar saman í fjögur meginþemu.

Almennt um námsmat

Niðurstöður sýna að viðhorf til námsmats er almennt jákvætt og ríkur skilningur er á því að mat sé nauðsynlegur hluti af skólastarfi. Þó eru skiptar skoðanir um það hversu fyrirferðarmikið það á að vera og einhverjir þeirrar skoðunar að námsmat sé orðið full fyrirferðarmikið í skólastarfi. Það gildir þó ekki um nemendur. Sátt ríkir um að helsti tilgangur námsmats sé að finna nemendur sem þurfa á auknum stuðningi að halda í námi en jafnframt þá sem eru bráðgerir og þurfa meiri áskoranir. Samhugur ríkur um að námsmat eigi fremur að snúa að mati á inntaki/viðfangsefnum námsgreina og hvort námsmarkmiðum hafi verið náð fremur en mati á félagslegum þáttum. Einnig voru vangaveltur um æskilegt fyrirkomulag á mati í list- og verkgreinum og íþróttum en engin niðurstaða sem liggur fyrir í þeim efnum. Mikil áhersla er lögð á að námsmat innan skóla og á milli skóla sé samræmt til að tryggja jafnræði, t.d. vegna flutnings nemenda á milli skóla og við inntöku í framhaldsskóla.

Tilgangur og fyrirkomulag prófa/námsmats

Fram kemur skýr áhersla á mikilvægi þess að meta námsárangur nemenda í lestri, íslensku og stærðfræði enda um lykilfærni og lykilgreinar að ræða. Jafnframt kemur skýrt fram að tilgangur prófa með tilliti til eðlis upplýsinga sem þau veita þarf að vera augljósari og gagnsæið meira. Krafa um góða og gagnlega endurgjöf sem nýtist í umbótaskyni er mjög skýr af hálfu kennara og foreldra og ekki síst af hálfu nemenda sem líta á hana sem tækifæri til að gera betur í námi. Nemendur nefna jafnframt að námsmatsleiðir mættu vera fjölbreyttari og nefna fleiri og minni próf og verkefni sem dæmi um heppilegra fyrirkomulag prófa. Starfsfólk skóla leggur ríka áherslu á meiri sveigjanleika varðandi dagsetningar á próffyrirlögn og lýsa ánægju sinni með fyrirkomulag lesfimi- og stuðningsprófa *Lesferils*. Kennurum er einnig tíðrætt um aðgang að prófabanka/verkfærakistu fyrir íslensku og stærðfræði þar sem próf og aðrar námsmatsleiðir væru aðgengilegar árið um kring.

Niðurstöður benda til þess að skilningur á tilgangi og eðli annars vegar og túlkun á námsmati hins vegar sé oft takmarkaður og hugtakið skilgreint of þröngt. Þetta birtist einkum í því að hagaðilar, einkum forsjáraðilar, virðast leggja próf og námsmat að jöfnu en átta sig ekki á þeim fjölbreyttu leiðum sem hægt er að fara við mat á námi. Mjög takmarkaður skilningur er á megingerðum prófa (t.d. skimunarpróf, stöðupróf, greinandi próf) og ólíku hlutverki þeirra.

Notkun á niðurstöðum prófa/námsmats

Haghafar voru á einu máli um að niðurstöður og framsetning þeirra þyrftu að vera leiðbeinandi og á auðskiljanlegu og aðgengilegu formi. Í athugasemdum frá forsjáraðilum kom fram að þær upplýsingar sem fengjust í kjölfar námsmats þyrftu að leiða til umbóta og að efla gæði skólastarfs. Nemendur kvörtuðu undan því að oft væri tilfinnanlegur skortur á endurgjöf í kjölfar

námsmats (bæði ytra og innra) sem þeir töldu vera forsendu þess að geta lært meira og náð betri árangri í námi eins og áður hefur komið fram.

Forsjáraðilar og starfsfólk skóla voru sammála um mikilvægi þess að nýta námsmat til að afla upplýsinga um stöðu skólakerfisins, framvindu náms á milli skólastiga og til að fá upplýsingar um það hversu vel nemendur eru búnir undir framhaldsskóla. Forsjáraðilar eru hins vegar andvígir því að framhaldsskólar séu með eigin inntökupróf en í rýniviðtölum við nemendur mátti heyra raddir sem töldu inntökupróf leið til að gæta jafnræðis. Í athugasemdum vegna könnunar kom það fram að eðlilegt væri að sveitarfélög hefðu aðgang að gögnum varðandi gengi skóla sinna og þyrftu þau gögn ekki endilega að vera opin almenningi.

Forsjáraðilar og starfsfólk skóla voru ósammála um mikilvægi þess að ytri aðilar kæmu að námsmati skóla, þess að afla upplýsinga um stöðu einstakra skóla og skóla eftir sveitarfélögum og/eða landshlutum. Í öllum tilvikum var það starfsfólk skóla sem var meira ósammála fullyrðingunni en forsjáraðilar. Þessir aðilar leggja ekki sérstaka áherslu á að fá upplýsingar um stöðu nemenda í samanburði við jafnaldra en nemendur vilja gjarnan fá samanburð á eigin frammistöðu við frammistöðu jafnaldra á landsvísu.

Aðalnámskrá og hæfnieinkunnir

Endurtekin gagnrýni kom fram á fyrirkomulag hæfnimiðaðs námsmats í samræmi við ákvæði aðalnámskrár. Það kom fram hjá öllum hópum að notendur ættu í erfiðleikum með að átta sig á eðli hæfnieinkunna, að fyrirkomulagið væri óaðgengilegt, ógagnsætt og illskiljanlegt. Þetta gerði það að verkum að samræmi og samanburður á námsmati milli skóla væri næstum ómögulegur þar sem skólar hafa útfært viðmiðin, hver á sinn hátt. Bent var á að hæfniviðmiðin væru svo opin og í mörgum tilvikum svo huglæg að þau vörðuðu illa leið nemenda í námi og veittu litla endurgjöf varðandi stöðu hverju sinni. Þá var spurningunni „Hvernig er hægt að þróa ný próf með svona gölluð hæfniviðmið og óskýra námskrá?“ varpað fram oftar en einu sinni.

Kafli 5: Álit sérfræðingahóps

Verkefni sérfræðingahópsins var að taka afstöðu til sviðsmynda sem byggðar eru á tillögum starfshóps um framtíð samræmds námsmats (Menntamálaráðuneytið, 2020). Hópurinn hittist tvisvar á fjarfundi þar sem gerðar voru ítarlegar fundargerðir um þau áhersluatriði sem sérfræðingar og ráðgjafar vildu koma á framfæri en jafnframt skiluðu nokkrir þeirra skriflegu álit. Sérfræðingar sem gáfu álit sitt voru úr háskólasamfélaginu, grunnskólakennarar, nemar o.fl. Hér er farið yfir það helsta sem fram kom á fundunum en tekið skal fram að í einhverjum tilvikum er um stök sjónarmið að ræða sem endurspegla ekki sjónarmið alls hópsins.

Til að gera aðkomu sérfræðinga og ráðgjafa markvissari í samráðsferlinu fengu þeir í hendur *Drög að sviðsmyndum um námsmatskerfi sem byggist á tillögum starfshóps um framtíð samræmdra könnunarprófa: Hugmyndir til umfjöllunar í samráðsferli* sem Sigurgrímur Skúlason og fleiri tóku saman (Sigurgrímur Skúlason o.fl., 2022). Sviðsmyndirnar sem dregnar eru upp á bls. 12 og 13 byggja á tillögu starfshópsins sem m.a. lagði áherslu á að útbúin yrðu fjölbreytt, stutt, hnitmiðuð, rafræn próf og verkefni og að skólar hafi valfrelsi til að nýta sér þau en beri skylda til að leggja fyrir tiltekin próf í íslensku og stærðfræði. Sérfræðingahópurinn var beðinn um að taka afstöðu til útfærslu sviðsmyndanna eins og fyrr segir en jafnframt voru settar fram þrjár meginspurningar er lúta að þróun þeirra og nokkur mikilvæg atriði sem nauðsynlegt var að ræða og skilgreina til að þróun og gerð matstækja eða prófa verði markviss:

- Á hvaða aldri námsmat verði í hverri námsgrein / viðfangsefni
- Hversu mikilvægar eru ólíkar upplýsingar sem fjallað er um fyrir námsmatskerfi?
- Hvaða aðferðir eða nálgun við námsmat henta best til að afla upplýsinga sem þörf er á?
- Hverjar eru almennar námsvæntingar til hvers námsstigs?
- Til hvers er ætlast af nemendum á hvaða aldri (námsstigi)?
- Hvernig skal skilgreina það að beita gagnrýninni hugsun, draga ályktanir og fleiri krefjandi hugræna færni fyrir námsmat?

Það var samdóma álit sérfræðingahópsins að verkefnið á þessu stigi væri nokkuð óljóst þar sem það lægi ekki fyrir af hálfu stjórnvalda hvert umfang ytra námsmats ætti að vera eða hvað þau vildu í þeim efnum. Fram kom gagnrýni á ákvörðun fyrrverandi ráðherra, Lilju Daggar Alfreðsdóttur, um að fyrirlögn samræmdra könnunarprófa skyldi hætt án efnislegs rökstuðnings og að gott, samræmt námsmat væri mjög mikilvægt til að hægt væri að safna gögnum og meta gæði og heilbrigði skólastarfs til lengri tíma. Þær hugmyndir sem birtast í tillögum starfshóps um tilhögun námsmats (fjölbreytt, stutt, hnitmiðuð rafræn próf og verkefni) væru útópískar, að byrja þyrfti smátt, að ákveða þyrfti umfang ytra námsmats, hvaða aðkomu stjórnvöld hefðu mögulega að því að útbúa innra námsmat fyrir skóla og hvaða leiðir væru færar í því samhengi. Hér þyrfti að forgangsraða og hafa gagn og nauðsyn að leiðarljósi. Bent var á að gerð Matsferils væri mjög umfangsmikið verkefni og sem dæmi þá hefði það tekið 10 ár að búa til Talnalykil sem er markbundið próf og metur stærðfræðikunnáttu nemenda á grunnskólaaldri.

Lögð var áhersla á að tilgangur námsmats og ólíkra prófa þyrfti að vera skýr og ljóst hvað verið væri að meta hverju sinni. Þá þyrfti það að vera alveg skýrt hvaða upplýsingum væri verið að safna og í hvaða tilgangi. Niðurstöður sem fást með fyrirlögn námsmats þurfa að veita nemendum og foreldrum góðar upplýsingar um stöðu og framvindu, að nýtast kennurum vel til að ákvarða næstu skref í kennslu og að vera skólum leiðarljós varðandi mögulegar úrbætur sem gera þarf í innra starfi skólans. Námsmat þarf að vera aðgengilegt í notkun og jafnvægi þarf að ríkja á milli gæða og gildis upplýsinga og fyrirhafnar vegna framkvæmdar svo kennarar sjái sér hag í að nota matstæki. Eðlilegt væri að notkun sumra matstækja væri valkvæð en að skylda væri að nota önnur. Sú skylda mætti þó ekki vera íþyngjandi fyrir skólastarf eða stýra því um of.

Nokkur umræða var um notkun upplýsinga sem fást úr ytra námsmati og lögð áhersla á að þær yrðu ekki notaðar til að gera samanburð milli skóla og sveitarfélaga eða settar til höfuðs einstökum kennurum. Komið yrði í veg fyrir þetta með því að tryggja gott námsmatslæsi hagaðila, samræmda hugtakanotkun (námsmat, leiðsagnarmat, einstaklingsmiðað mat o.s.frv.) og með því að meta skólastarf með fjölbreyttum hætti.

Bent var á að erfitt væri að meta hæfniviðmið aðalnámskrár þar sem þau væru víð og stundum of óhlutbundin til að hægt sé að meta þau með samræmdum hætti. Setja þurfi fram skýrari námsmarkmið eða matsviðmið sem vörður og hugmyndir að leiðum til að ná settu marki.

Ræddar voru hugmyndir um verkfærakistu kennara sem innihéldi matstæki til innra námsmats og var vísað til fyrirmyndar hjá *Skolverket* í Svíþjóð, systurstofnun Menntamálastofnunar, sem hefur útbúið námsmatskistu sem kennarar geta nýtt sér við innra námsmat í ýmsum námsgreinum. Gerð slíkra prófa gæti t.d. verið í höndum kennara sem hefðu aðgang að prófaviðmóti hjá MMS þar sem þeir gætu sett saman áreiðanleg og réttmæt próf með góða aðgreiningar-eiginleika.

Lögð var rík áhersla á að ekki væri nóg að útbúa matstæki heldur þyrfti að huga að útgáfu íhlutunar- og stuðningsefnis samhliða gerð matstækjanna. Þetta leiðir einnig af sér gerð fræðslu fyrir hagaðila og þarf gerð hvors tveggja að vera hluti af innleiðingaráætlun hvers matstækis fyrir sig.

Ákveðnar efasemdir komu fram um að meta ætti fyrirbæri eins og gagnrýna hugsun, ályktunarhæfni og aðra krefjandi hugræna færni með samræmdum hætti þar sem slíkt mat stappaði of nærri greindarmælingum.

Kafli 6: Niðurstöður og umræða

Tilgangur samráðsferlisins sem greint hefur verið frá í þessari skýrslu var að útfæra nánar hugmyndir úr skýrslu starfshóps um framtíð samræmds námsmats í íslenskum grunnskólum. Skýrsla starfshópsins leggur áherslu á að leggja eigi niður samræmd könnunarpróf í núverandi mynd og að tekið verði upp nýtt námsmatskerfi, Matsferill. Mikilvægt er að vandað sé til verka og að sem mest sátt ríki um það hvernig Matsferill – námsmatskerfi framtíðarinnar eigi að líta út. Tilgangur og markmið hvers matstækis í Matsferli þurfa að vera skýr. Hvað á að meta, hvernig, hvenær og hvers vegna?

Í niðurstöðum samráðsferlis og áliti sérfræðinga kemur fram mikilvægi þess að fram fari samræmt (ytra) námsmat til viðbótar við innra námsmat skóla. Samræmt námsmat er mikilvægt til að safna gögnum og meta gæði skólastarfs til lengri tíma. Leggja eigi höfuðáherslu á mat á grunnþáttum í íslensku og stærðfræði og námsmat eigi að hefjast sem fyrst á skólagöngu nemenda. Tilgangurinn með námsmati sé fyrst og fremst að fá fram upplýsingar um stöðu nemandans í einstökum námsgreinum, fyrir nemandann sjálfan, forsjáraðila og jafnframt fyrir kennara til að sjá hvort bæta megi kennsluhætti. Rík áhersla er lögð á að finna nemendur sem þurfa stuðning sem og bráðgera nemendur til að geta komið til móts við þessa hópa. Það þarf að vera hægt að sjá framvindu nemenda milli skólastiga. Það þarf að vera hægt að sjá stöðu nemanda samanborið við jafnaldra, landsmeðaltal. Að sveitarfélög hafi aðgang að niðurstöðum sinna skóla.

Almennt ríkir samhugur um að námsmat fari fram með fjölbreyttum hætti, rafrænt og á pappír. Mikill vilji er fyrir fleiri prófum og styttri en samræmdu könnunarprófin. Hafa ber þó í huga að matstæki þarf að vera ákveðið langt til að hámarka áreiðanleika þess og réttmæti. Samhugur ríkir um að ákveðin próf í íslensku og stærðfræði verði skylda. Leggja eigi fyrir skimunarpróf í grunnþáttunum við lok leikskóla/í upphafi grunnskólagöngu. Áhersla er lögð á mikið valfrelsi við notkun á mælitækjum en almenn ánægja ríkir með valfrelsi í tengslum við Lesferil. Almennur samhugur er um að kennarar velji hvenær á ákveðnu tímabili þeir noti mælitækin, þ.e. að um sé að ræða opinn prófaglugga eins og í Lesferli. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að nýjum mælitækjum fylgi ráðgjöf og stuðningur. Aðalnámskrá grunnskóla og hæfnieinkunnir bar töluvert á góma, bæði á samráðs- og rýnihópafundum og í athugasemdum í könnun. Mikilvægt er að kennarar geti stuðst við skýr, mælanleg matsviðmið. Það þarf að skerpa á og búa til samræmd hæfniviðmið/vörður út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár þar sem margoft kom fram að þau væru óskýr. Fram komu efasemdir um gagnsemi þess að fara út í að þróa ný mælitæki sem byggð eru á jafnóskýrum viðmiðum. Skýrsluhöfundar telja það umhugsunarvert að rúmur þriðjungur kennara sem tóku þátt í könnuninni um námsmat taldi sig eiga erfitt með að meta frammistöðu nemenda samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár. Samhliða þróun Matsferils þarf að skoða viðmiðin sem skólarnir hafa hver og einn þurft að setja sér, samræma viðmiðin og setja upp vörður sem skólarnir geta nýtt með góðu móti. Það myndi stuðla að ákveðinni samræmingu námsmats í grunnskólunum, auðvelda endurgjöf til muna og bæta jafnræði milli nemenda. Nemendur telja sig ekki vera að fá nægilega mikla og gagnlega endurgjöf og úr því þarf að bæta. Námsmatlæsi kennara þarf að efla, t.a.m. með námskeiðshaldi og ýmsum

stuðningi og fræðslu. Í þessu sambandi má nefna nauðsyn þess að ná sameiginlegum skilningi skólasamfélagsins á megingerðum prófa (skimunarpróf, greinandi próf, stöðu-/framvindupróf) og hugtökum eins og einstaklingsmiðuðu námi, leiðsagnarmati o.fl. Í skýrslu starfshópsins og í samráðsferlinu er mikil áhersla lögð á leiðsagnarmat og einstaklingsmiðað nám en í álit sérfræðingahóps kemur fram að einstaklingsmiðað námsmat sé tæknilega flókið í framkvæmd og kostnaðarsamt en þetta er útfærsluatriði. Niðurstöður samráðsferlis sýna mikið ákall kennara eftir prófa- og verkfærakistu þar sem allir kennarar hafi aðgang að sömu prófum og verkefnum og geti gripið til og notað í skólastofunni. Þau verkefni og próf sem væru í slíkri verkfærakistu byggju þá yfir ákveðnum áreiðanleika og réttmæti og samningu þeirra gæti verið ritstýrt að einhverju leyti af sérfræðingum hjá MMS.

Eins og fram hefur komið lagði starfshópur um framtíð samræmds námsmats áherslu á að skilgreindur verði námsmatsrammi sem veiti ítarlegar upplýsingar um markmið og hlutverk alls skipulagðs námsmats á mismunandi skólastigum (Svanhildur Kr. Sværísdóttir o.fl., 2020). Uppbygging slíks ramma er flókin og í mörg horn að líta. Sérfræðingar Menntamálastofnunar hafa undanfarið unnið að uppsetningu námsmatsrammans og haft til hliðsjónar niðurstöður úr samráðsferlinu, álit sérfræðingahóps og útfærslur annarra landa. Hugmynd að námsmatsramma má finna í skýrslunni *Matsferill: Tillaga að námsmatsramma*. Mótun námsmatsrammans er enn á hugmyndastigi þar sem yfirferð og samtal milli MRN og starfsfólks MMS þar að lútandi þarf að halda áfram á næstu vikum og mánuðum.

Heimildir

- Abedi, J. (2006). Language issues in item development. Í S. M. Downing og T. M. Haladyana (Ritstjórar). *Handbook of test development* (bls. 377–398). New York. NY. Routledge.
- Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77–101. <https://doi.org/10.1191/1478088706qp063oa>
- Crocker, L. og Algina, J. (1986). *Introduction to classical and modern test theory*. New York: Harcourt Brace Jovanovich.
- Gibbs, A. (1997). Focus groups. *Social research update, Winter*(19), 1–7.
- Hagstofa Íslands. (2022). Mannfjöldi eftir landshlutum, kyni og aldri 1. janúar 1998-2022. Sótt 10. maí 2022 af: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__Byggdakjarnarhverfi/MAN03250.px/table/tableViewLayout1/?rxid=08aa3ef7-03ce-4fd8-bf76-26e53e295759 <https://island.is/reglugerdir/nr/0173-2017>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla – almennur hluti 2011 – greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.
- Millman, J. og Greene, J. (1989). The specification and development of tests of achievement and ability. Í R. L. Linn (ritstj.). *Educational measurement* (3. útgáfa, bls. 335–366). Phoenix, AZ: American Council on Education, Oryx Press.
- Morgan, D. L. (1997). *Focus groups as qualitative research* (2. útgáfa). Sage Publications.
- Newton, P. (2010). Educational Assessment – Concepts and Issues: The Multiple Purposes of Assessment. Í E. Baker, B. McGaw og P. Peterson, (ritstj.) *International Encyclopedia of Education*. 3. útgáfa. Oxford: Elsevier.
- Ritchie, J., Lewis, J., McNaughton Nicholls, C. og Ormston, R. (ritstj.). (2013). *Qualitative Research Practice: A Guide for Social Science Students and Researchers* (2. útgáfa). Sage Publications.
- Schmeiser, C. B. og Welch, C. J. (2006). Test development. Í R. L. Brennan (ritstj.). *Educational measurement* (4. útgáfa, bls. 307-553). Westport, CT. American Council on Education/Prager.
- Sigurgrímur Skúlason. (2020). *Uppbygging samræmdra könnunarprófa, framkvæmd þeirra og úrvinnsla*. Kópavogur: Menntamálastofnun.
- Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Margrét Harðardóttir, Þórður Kristjánsson, Helgi Arnarson, Brynhildur Sigurðardóttir, Hjördís Albertsdóttir, Þorvar Hafsteinsson, Eðvald Einar Stefánsson og Sverrir Óskarsson. (2020). *Framtíðarstefna um samræmt námsmat: Tillögur starfshóps um markmið, hlutverk, framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1. Bréf vegna könnunar til kennara og skólastjórnenda



Kæri skólastjóri.

Menntamálastofnun vinnur nú ásamt mennta- og barnamálaráðuneytinu að þróun nýs námsmats fyrir grunnskóla sem leysa mun samræmd könnunarpróf af hólmi. Þar er byggt á hugmyndum starfshóps ráðuneytisins um framtíðarfyrirkomulag samræmds námsmats sem gefið hefur verið heitið Matsferill. Þessa önnina er unnið að frekari útfærslu á hugmyndum starfshópsins. Í undirbúningi er m.a. samráð við skólasamfélagið og sérfræðinga úr háskólunum. Í framtíðinni mun Matsferill bjóða upp á matstæki (próf) sem gera kleift að skima fyrir veikleikum tengdum grunnfærni auk matstækja til að meta stöðu og framvindu nemenda í námi.

Mikilvægur þáttur í prófagerð er forprófun og rýni kennara á prófverkefni. Fyrirsjáanlegt er að þróun Matsferils og endurnýjun muni standa yfir næstu ár eða jafnvel áratugi. Því er farin sú leið að óska eftir þátttöku allra skóla í þessari vinnu til lengri tíma. Skólunum verður skipt í fjóra hópa með tilviljanaúrtaki. Leitað verður til eins af þessum hópum á hverri önn. Með þessu móti tekur hver skóli þátt hluta skólaársins annað hvert ár. Þess verður gætt að skólastjórnendur viti með góðum fyrirvara hvenær leitað verður til þeirra skóla og hvert umfangið verður í forprófun.

Á vorönn 2022 fer, eins og áður sagði, fram samráð við skólasamfélagið til að útfæra með skýrari hætti þær hugmyndir sem koma fram í skýrslu starfshópsins. Í mars verður gerð könnun meðal skólastjórnenda, kennara og forsjáaraðila nemenda í úrtaki skóla. Einnig verða samráðs- eða rýnifundir með hagsmunaaðilum. Verið er að skipuleggja slíka fundi víða um land. Auk þessa er mögulegt að á þessari önn verði leitað til skóla sem lenda í úrtaki og óskað eftir þátttöku í forprófun tengdri þróun á matstækjum fyrir stærðfræði, ritun og málskilning.

Þeir skólar sem lentu í úrtakinu sem tekur þátt á þessari önn fá sendan póst með hlekk á könnun fyrir kennara og fyrir foreldra innan skamms.

Frekari upplýsingar veita Sigurgrímur Skúlason eða Guðrún Birna Einarsdóttir í síma 514-7500 eða með tölvupósti á matsferill@mms.is.

F.h. Menntamálastofnunar

Sigurgrímur Skúlason

Guðrún Birna Einarsdóttir

Fylgiskjal 2. Bréf vegna könnunar til forsjáraðila og nemenda



Ágæti viðtakandi.

Mennta- og barnamálaráðuneytið og Menntamálastofnun vinna að þróun nýs námsmatskerfis sem mun leysa samræmd könnunarpróf af hólmi. Könnun þessi er send til úrtaks foreldra/for-
sjáraðila, kennara, skólastjórnenda og nemenda því mikilvægt er að fá álit þeirra á tilgangi og notagildi námsmats. Engum persónugreinanlegum upplýsingum verður safnað. Nánari upplýsingar má finna í upphafshluta könnunarinnar.

Við hvetjum þig til að taka þátt í könnuninni með því að smella á eftirfarandi hlekk:

<https://forms.office.com/r/pF8w1jaHeR>

Nemendum í 7.–10. bekk stendur til boða að svara sams konar könnun um námsmat. Ef þú átt barn á því skólastigi þá getur nemandinn smellt á neðangreindan hlekk. Þátttaka er valfrjáls og engum persónugreinanlegum upplýsingum er safnað. Með því að gefa barni þínu aðgengi að könnuninni veitir þú samþykki þitt fyrir þátttökunni.

<https://forms.office.com/r/ERcsbmwHJp>

Með fyrirfram þökkum

F.h. Menntamálastofnunar,

Sigurgrímur Skúlason, sérfræðingur í prófagerð,
Guðrún Birna Einarsdóttir, sérfræðingur í prófagerð.

S: 514-7500

Netfang: matsferill@mms.is

Fylgiskjal 3. Bréf til sviðsstjóra skóláþjónustu vegna samráðferlisins

Karl Frímansson
Fræðslusviði Akureyrarbæjar
Glerárgötu 26
600 Akureyri

Kópavogi, 23. febrúar 2022
Tilvísun: M22020051

Efni: Boð um þátttöku í samráði vegna nýs námsmatskerfis, Matsferils

Ágæti sviðsstjóri.

Á komandi misserum stendur til að hanna og þróa nýtt námsmatskerfi sem mun leysa samræmd könnunarpróf af hólmi. Mennta- og barnamálaráðuneytið og Menntamálastofnun eru í góðu samstarfi varðandi þetta stóra verkefni og finnst mikilvægt að fá sjónarmið helstu hagsmunaaðila nú í upphafi vinnunnar. Því hefur verið ákveðið að halda samráðsfundi til að afla upplýsinga um skoðanir, væntingar og reynslu skólasamfélagsins til formlegs námsmats og hvernig eigi að nálgast það.

Lögð hafa verið drög að fimm samráðsfundum og tíu rýnifundum með nemendum víðsvegar um landið til að bjóða fulltrúum þétt- og dreifbýlis þátttöku í samráðinu. Gert er gert ráð fyrir að þrjú til fjórir samráðshópar hittist á hverjum stað en rýnihópar nemenda verða tveir á hverjum fundarstað. Nokkur sveitarfélög hafa tekið að sér hlutverk gestgjafa til að sjá samráðsfólki fyrir aðstöðu á meðan á fundi stendur. Gert er ráð fyrir einum u.þ.b. fjögurra klukkustunda staðfundi en síðar í samráðsferlinu verður gert ráð fyrir að samráðshópar muni funda með sérfræðingahópi með fjarfundafyrirkomulagi þegar unnið hefur verið úr gögnum fundanna. Fulltrúar Menntamálastofnunar munu stýra fundunum og taka niðurstöður saman en þær verða m.a. nýttar við útfærslu og kostnaðarmat á nýju námsmatskerfi.

Samráðsfundur

Fræðslusviði Akureyrarbæjar hefur tekið að sér að sinna hlutverki gestgjafa á þínu svæði og er ykkur boðið að senda einn hóp af þjónustusvæði ykkar til þátttöku í samráðinu. Þið eruð vinsamlegast beðin um að tilnefna þessa aðila en æskilegt er að hópurinn samanstandi af einum kennara af yngsta stigi, einum af miðstigi og einum af unglingastigi (gott að hafa í huga að tilnefna ekki eingöngu kennara bóklegra greina), skólastjórnanda, starfsmanni skólaskrifstofu og tveimur fulltrúum forsjáraðila. Á samráðsfundi má gera ráð fyrir blöndun hópa af mismunandi svæðum.

Samráðsfundurinn verður haldinn miðvikudaginn **16. mars frá kl. 13:00–17:00** og munu upplýsingar um staðsetningu berast þegar nær dregur. Mikilvægt er að Menntamálastofnun hafi

borist nöfn og netföng tilnefndra fundarmanna a.m.k. viku fyrir fund ef breyting skyldi verða á dagsetningu eða fyrirkomulagi fundar, t.d. vegna veðurs. Upplýsingar um fundarmenn má senda á netfang undirritaðrar.

Drög að fundardagskrá/umræðupunktum

- Niðurstöður úr viðhorfskönnun foreldra og nemenda kynntar
- Hvað á að meta og af hverju?
- Hvernig á námsmátið að vera og af hverju (fræðileg rök)?
- Hvernig á að nota þær upplýsingar sem mátið gefur?
- Forgangsröðun matstækja?

Rýnifundir með nemendum

Rýnifundir með nemendum munu fara fram að morgni sama dags og samráðsfundurinn á sér stað. Gert er ráð fyrir um klukkustundarlöngum fundi með úrtaki nemenda í 4.–10. bekk en starfsfólk Menntamálastofnunar mun annast skipulagningu fundanna í samráði við skólastjóra.

Þátttakendur sem hafa fengið boð á samráðsfund á Akureyri (skólaþjónustur og þar með skólar á þjónustusvæði)

1. Fræðslusvið Akureyrarbæjar
2. Fræðslu-, frístunda- og menningarmáladeild Fjallabyggðar
3. Fræðslu- og menningarsvið Norðurþings
4. Fræðslu- og menningarsvið Dalvíkurbyggðar

Með vinsemd og vonum um góða þátttöku,

Guðbjörg Rut Þórisdóttir, sérfræðingur á matssviði
guðbjorg.r.thorisdottir@mms.is / 514-7500

Fylgiskjal 4. Dagskrá, leiðbeiningar og lykilhugtök vegna samráðsfunda

Samráðsfundur vegna Matsferils – dagskrá og leiðbeiningar

13:00-13:05	Fundur settur
13:05-13:30	Dagskrá dagsins – Kynning á starfsfólki MMS Tilgangur samráðs - Matsferill Skýrsla starfshóps – Framtíðarstefna um samræmt námsmat Kynning á lykilhugtökum Samráðsferlið
13:30-13:35	Einstaklingssvörun á spurningu #1 Hvað á að meta og hvers vegna?
13:35-14:05	Hópurinn ræðir spurningu #1 og setur niður helstu sjónarmið á sameiginlegt plagg.
14:05-14:10	Einstaklingssvörun á spurningu #2 Hvernig á námsmat að fara fram?
14:10-14:40	Hópurinn ræðir spurningu #2 og setur niður helstu sjónarmið á sameiginlegt plagg.
14:40-15:00	Kaffipása
15:00-15:05	Einstaklingssvörun á spurningu #3 Hvernig á að nota upplýsingar úr námsmati?
15:05-15:35	Hópurinn ræðir spurningu #3 og setur niður helstu sjónarmið á sameiginlegt plagg.
15:35-15:40	Einstaklingssvörun á spurningu #4 Hver á forgangsröðun við gerð matstækja að vera?
15:40-16:10	Hópurinn ræðir spurningu #4 og setur niður helstu sjónarmið á sameiginlegt plagg.
16:10-16:15	Hafa öll sjónarmið komið fram? (einstaklingssvörun á miða)
16:15-16:30	Opnar spurningar til fulltrúa Mennta- og barnamálaráðuneytis

Lykilhugtök

- **Formlegt (ytra) námsmat:** Stöðluð próf sem eru gefin út af stofnunum á vegum stjórnvalda eða öðrum ytri aðilum. Hafa farið í gegnum gæðamat sem tryggir áreiðanleika og réttmæti prófanna.
- **Óformlegt (innra) námsmat:** Aðferðir sem reyndur kennari getur beitt án þess að nota formlegt, útgefið mat. T.d. Próf útbúin af kennurum, kerfisbundnar athuganir kennara í kennslustundum, matsrammar, vettvangsnótur, að spyrja spurninga, möppumat.

Tegundir mats

- **Skimunarpróf (e. *screening*):** Að greina á milli þeirra sem glíma eða glíma ekki við vanda á tilteknu sviði til að geta veitt viðeigandi aðstoð sem fyrst (dæmi: Lesskimun fyrir 1. bekk).
- **Stöðupróf/mat á námsframvindu (e. *progress monitoring*):** Að meta framfarir við upphaf/lok námslotu á ákveðnu sviði eða innan námsgreinar. Að áætla hraða framfara. Að finna nemendur sem ná ekki tilskildum framförum og þurfa því meiri eða annars konar kennslu (efnið kennt aftur, hugtök rifjuð upp, notkun annarrar aðferðar til að auka líkur á að nám eigi sér stað?). Að bera saman ávinning af mismunandi kennsluaðferðum eða nálgun. Dæmi: Lesfimiþrófið/Orðarún/SKP 1996-2021.
- **Námsmat/áfangamat/lokamat (e. *outcome measurement*):** Að meta árangur af kennslu t.d. við lotulok eða við lok annar (dæmi: Próf útbúin af kennara eða teymi innan skóla).
- **Greinandi próf (e. *diagnostic tests*):** Að greina með nákvæmari hætti styrk- og veikleika nemenda en gert er með skimunarprófi (dæmi: Stuðningspróf Lesferils og LOGOS).

Matsleiðir

- **Leiðsagnarmat (e. *formative assessment*):** Mat í þágu kennslu og náms. Veitir kennara og nemanda upplýsingar að hve miklu leyti nemandi hefur náð tókum á færni, t.d. út frá þrepaskiptum ramma (dæmi: Matsrammi fyrir lesfimi).
- **Lokamat (e. *summative assessment*):** Mat á námi sem hefur átt sér stað. Mat á árangri við lok kennslutímabils eða annar til að sjá hvort nemandi hafi náð settu marki. Grunnur að einkunnagiöf.
- **Áreiðanleiki (e. *reliability*):** Stöðugleiki prófa við endurteknar mælingar. Þá þýðir lágur áreiðanleiki að mikil óvissa er í mati og hár áreiðanleiki að lítil óvissa sé í matinu.
- **Réttmæti (e. *validity*):** Vissa fyrir því að próf mæli það sem því er ætlað að mæla (að hve miklu leyti kenningarlegur (e. *theoretical*) og raunvís (e. *empirical*) stuðningur er við túlkun á niðurstöðum prófsins).

Fylgiskjal 5. Tölvupóstur 23. febrúar 2022 til skólastjóra vegna rýnifunda nemenda

Ágæti skólastjóri/aðstoðarskólastjóri.

Á komandi misserum stendur til að hanna og þróa nýtt námsmatskerfi sem mun leysa samræmd könnunarpróf af hólmi. Mennta- og barnamálaráðuneytið og Menntamálastofnun eru í góðu samstarfi varðandi þetta stóra verkefni og finnst mikilvægt að fá sjónarmið helstu hagsmunaaðila nú í upphafi vinnunnar. Einn hópur hagsmunaaðila eru nemendur og því hefur verið ákveðið að halda rýnifundi með nemendum, samhliða því sem samráðsfundir með skólasamfélaginu verða haldnir.

Lögð hafa verið drög að fimm samráðsfundum og tíu rýnifundum með nemendum víðsvegar um landið til að bjóða fulltrúum þétt- og dreifbýlis þátttöku í samráðinu. Gert er ráð fyrir að þrjár til fjórir samráðshópar hittist á hverjum stað (fræðsluskrifstofum á hverju svæði er falið að mynda samráðshópana) en rýnihópar nemenda verða tveir, úr sínum skólanum hvor, á hverju svæði. Rýnifundir með nemendum munu fara fram að morgni sama dags og samráðsfundurinn á sér stað. Gert er ráð fyrir um klukkustundarlöngum fundi með 6–7 nemendum úr 4.–10. bekk, en starfsfólk Menntamálastofnunar mun annast skipulagningu fundanna í samráði við skólastjórnendur.

Fimmtudaginn 17. mars er fyrirhugað að halda samráðsfund og funda með rýnihópum nemenda á ykkar svæði. **Hörðuvallaskóla er boðið að mynda rýnihóp nemenda** sem yrði þá heim sóttur af tveimur starfsmönnum Menntamálastofnunar þennan morgun í samráði við ykkur. Vinsamlegast hafið samband við undirritaða hvort þið sjáið ykkur fært að taka þátt og þá til að skipuleggja heimsóknina.

Með vinsemd og von um þátttöku,

Katrín Ósk Þráinsdóttir, sérfræðingur á matssviði

katrin.osk@mms.is / 514-7500

Fylgiskjal 6. Viðtalsrammi fyrir rýnihópa nemenda

Viðtalsrammi fyrir rýnihópa nemenda

Inngangur um námsmat og námsferil – stuttar skilgreiningar.

Við komum frá Menntamálastofnun sem t.d. sér um lesfimiþrófin, gefur út námsbækur og var með samræmdu könnunarþrófin.

Kynning á spyrli og ritara – ritari tekur niður það helsta sem við tölum um en það er ekkert persónugreinanlegt og fullum trúnaði heitið – biðja um að allir haldi trúnaði yfir því sem er sagt á fundinum og biðjum um að allir segi sína skoðun og það má alveg vera ósammála.

Viðtalsrammi:

1. Fáid þið einhverjar upplýsingar um það hvernig ykkur gengur í námi?
2. Finnst ykkur það skipta máli að fá upplýsingar um hvernig ykkur gengur í námi? – en skiptir það máli fyrir aðra? (kennara, foreldra, fræðslufirvöld)
 - Finnst ykkur skipta máli að vita hvar þið standið miðað við aðra í árganginum?
 - en miðað við aðra á landinu?
 - Á hvaða formi viljið þið fá upplýsingar um námsárangur?
3. Hvað finnst ykkur að eigi að meta? Í hvaða greinum finnst ykkur þið þurfa að vita hvernig ykkur gengur í námi?
 - Hvaða námsgreinar er mikilvægast að meta árangur í?
 - Finnst ykkur vanta námsmat í einhverri námsgrein?
4. Hvernig finnst ykkur að ætti að meta námsárangur? (námsgreinar, verkefni, próf, skimanir, sjálfsmat, jafningjamat, gátlistar)
5. Hvernig aðferðir finnst ykkur að ætti að nota við að meta námsárangur? (sem kennarar búa til sjálfir, sem skólinn býr til sjálfur, sem koma frá fræðslufirvöldum)
 - Skiptir máli að skólar hafi aðgang að sömu matstækjum?
 - Ættu einhver matstæki að vera skylda fyrir alla skóla að nota?
 - Eiga matstæki að vera valfrjáls eða skylda?
6. Hvenær finnst ykkur að það ætti að meta námsárangur? (upphafi skólaárs, lok skólaárs, kaflapróf, milli skólastiga, fyrir framhaldsskóla, stöðu í því námsefni sem unnið er með í kennslu hverju sinni)

7. Geta niðurstöður úr námsmati sagt eitthvað til um hvort að nemendur séu námslega góðir? – en kennarar eða skólar? – hvað annað gæti sýnt það?
8. Finnst ykkur einhverjir ættu að fá að sleppa námsmati í grunnskóla? (Sérþarfir, v/kvíða)
9. Getur námsmat haft jákvæð áhrif á nemendur? – hvernig þá? – hvað er hægt að gera til að auka líkurnar á að námsmat hafi jákvæð áhrif?
10. Getur námsmat haft neikvæð áhrif á nemendur? – hvernig þá? – hvað er hægt að gera til að draga úr áhrifunum? (Sleppa öllu námsmati?)

Viljið þið bæta einhverju við það sem við höfum verið að ræða?



MENNTAMÁLASTOFNUN

2167